

Hetja dagsins

„Kartafla! Kartafla!“ bergmálaði um hverfið.

Albert andvarpaði þegar pabbi hans skaust framhjá honum og út á götu á nærbuxunum einum fata, gólandi nafn heimilishundsins.

„Kaaartaflaaa!!!“

Mest af öllu langaði hann að stinga af í skólann. Hann vissi þó að það gæti hann ekki fyrr en Kartafla væri fundin. Það var nefnilega honum að kenna að hún slapp út. Hann hafði stokkið inn í eldhús til að stela súkkulaðimúffu í nesti og gleymt að loka útidyrhurðinni á meðan.

Kartafla notaði tækifærið og stakk af.

Ef Kartafla týndist færi Albert pottþétt í straff. Það mátti fyrir alla muni ekki gerast einmitt í dag því þetta var mikilvægasta dagurinn í lífi hans.

Í kvöld var afmælisveisla Emblu Mistar. Stærsti viðburðurinn í félagslífinu þetta skólaárið. Á glimmerskreyttu boðskortinu höfðu verið auglýstar pítsur, partíleikir og karókí. Albert var með þetta allt planað. Ætlaði að taka uppáhalds lagið hennar, *Dancing Queen*. Kjörið tækifæri til að heilla Emblu Mist og virðast kannski oggupínuponsulítið kúl, svona einu sinni. Ekkert við Albert var kúl. Hann æfði engar íþróttir, átti engin flott föt, gekk með þykk gleraugun og hárið stóð beint fram eins og skyggni nema það sem stóð beint upp í loftið. Þar að auki var hann hluti af lúðalegustu fjölskyldu í heimi. Fyrir utan það að foreldrar hans voru bæði stærðfræðikennarar var Kartafla sísvangur Pug hundur, gjörsamlega tryllt í allan mat. Þess vegna var hún alltaf að stinga af og flaðraði upp um alla sem urðu á vegi hennar í von um matarbita.

„Kræst, Albert! Er Kartafla sloppin út?!“ ískraði mamma og ruddist framhjá Alberti og út á tröppur.

Ónei, ekki mamma líka. Albert horfði stjarfur á mömmu sína í engu nema flaksandi baðslopp sem skildi allt of lítið eftir fyrir ímyndunaraflíð. Hvernig var hægt að vera svona óheppinn með fjölskyldu? Stærðfræðikennarar með strípiþörf og síslefandi hundur.

Hann andvarpaði. Það væri auðvitað best að finna Kartöflu sem fyrst, áður en einhver sæi til pabba og mömmu.

Sérstaklega nágrannarnir í húsinu á móti.

Húsi Emblu Mistar.

Pangað sem Kartafla hafði hlaupið.

Albert þaut yfir götuna en læddist svo eins hljóðlega og hann gat upp gangstíginn að húsinu þar sem hann þóttist heyra til Kartöflu. Og viti menn, þarna var hún í hörkusleik við garðálf sem stóð í mesta sakleysi við útidyrhurðina.

„Kartafla þetta er ekki matur!“ hvíslaði Albert ákveðinn.

En Kartafla hunsaði hann og gerðist enn ákafari við garðálfinn. Svo mjög að Albert óttaðist að hann myndi velta um koll og brotna. Hann gekk ákveðinn að hundinum og þreif hann í fangið.

„Fjandinn hafi það, Kartafla,“ hvæsti hann um leið og útidyrhurðin opnaðist og pabbi Emblu Mistar birtist í gættinni.

„Hvað gengur á?“ spurði hann forviða en komst ekki lengra því Kartafla reif sig úr fangi Alberts og saug sig fasta við andlit hans. Alberti til mikillar skelfingar urðu kringumstæður enn verri þegar Embla Mist birtist fyrir aftan pabba sinn sem emjaði og veinaði.

„Hvað er eiginlega í gangi ... Albert!“

Albert varð að komast burt og það strax. Hann gretti sig afsakandi framan í Emblu Mist og kippti eins fast og hann gat í Kartöflu. Það næsta sem gerðist sannaði fyrir honum að sama hversu vandræðalegar aðstæður eru þá geta þær alltaf versnað.

Kartafla ákvað að andlitið á pabba Emblu Mistar væri ekki lengur gómsætt og sleppti takinu svo snögglega að Albert flaug aftur fyrir sig og lenti í blómabeði. Þrátt fyrir að komið væri fram í apríl var ennþá frost í jörðu og landingin því harkaleg.

„Er allt í lagi með þig?“ spurði Embla Mist á meðan Albert bróltili á fætur með Kartöflu í fanginu.

„Ég er góður,“ kallaði hann aftur fyrir sig um leið og hann hrökklaðist út úr garðinum.

Hann var samt alls ekki góður. Þvílík hörmungarbyrjun á degi. Embla Mist myndi pottþétt afboða hann í afmælið eftir þetta. Hann skutlaði Kartöflu í fangið á foreldrum sínum og hljóp af stað í skólann án þess að kveðja. Best að komast sem lengst frá fjölskyldunni áður en frekari hörmungar dyndu yfir.

Þegar hann nálgaðist skólann hitti hann Sunnu bekkjarsystur sína.

„Hvenær heldurðu eiginlega að við fáum úr stærðfræðiprófinu?“ spurði hún hress.

„Veit ekki,“ muldraði hann áhugalaus.

Honum gekk yfirleitt vel í stærðfræði en það gerði hann ekki kúl í neinna augum.

„Einar er ekkert smá lengi að fara yfir,“ hélt Sunna áfram. „Af hverju ertu annars svona skítugur?“ bætti hún við og benti á buxur Alberts.

Albert leit niður á sig og dustaði burt mold.

„Æ bara smá óhappamorgunn ...“ hann steinþagnaði. Þau voru komin að aðalinngangi skólans og við þeim blasti mölbrotin rúða og Baldur húsvörður, vopnaður sópi.

„Farið varlega hérna krakkar,“ sagði hann og beindi Alberti og Sunnu framhjá glerbrotunum.

„Hvað gerðist eiginlega?“ spurði Albert.

„Innbrot, skemmdarverk ...“ þusaði Baldur.

Vá! Albert spenntist allur upp. Það gerðist aldrei neitt spennandi í skólanum.

„Fljótur Albert, tíminn er alveg að byrja. Þetta voru örugglega bara einhverjir fyrstubekkingar að kasta steinum,“ sagði Sunna og þau hröðuðu sér í stofuna sína.

„Góðan daginn krakkar,“ heilsaði Einar umsjónarkennari. „Við byrjum á lestri eins og vanalega. Svona, upp með bækurnar.“

Albert ætlaði að veiða *Kidda klaufa* upp úr töskunni en greip í tóm. Í samræmi við einskæra óheppni þessa dags datt hins vegar súkkulaðimúffan upp úr töskunni. Einar var eldsnökkur að koma auga á hana.

„Albert, hvað er þetta?“

„Eeuh ...“ svaraði Albert.

„Eeuh ...“ hermdi Einar eftir honum. „Allavega ekki hollt nesti, svo mikið er víst. Ég tek þetta og þú nærð í bók úr hillunni.“

„Ertu búinn að fara yfir stærðfræðiprófið?“ spurði Sunna og bjargaði Alberti frá frekari niðurlægingu.

„Nei, ekki ennþá. Geri það á eftir. Niðurstöðurnar fara inn á Mentor seinnipartinn í dag,“ svaraði Einar og sussaði í kjölfarið á hópinn.

Tíminn leið á sinn tíðindalaus hátt og eftir lesturinn vann bekkurinn í hópum að veggspjöldum í náttúrufræði. Alberti gekk illa að einbeita sér. Hann gaut augunum í sífellu á Emblu Mist. Undir glaðlegu andlitinu var hún pottþétt búa sig undir að hætta við að bjóða honum í afmælið. Hann varð að finna leið til að bæta fyrir vandræðalegan morguninn. Þegar loksins komu frímínútur var hann kominn með einhvers konar áætlun. Fara í fótbolta á sparkvöllinum. Þó Albert gæti ekkert í fótbolta voru góð ráð dýr og hann gæti

mögulega orðið örlítið heppinn og Embla Mist myndi sjá hann gera eitthvað kúl. Hvað, vissi hann ekki strax.

„Ætlar þú að vera með?“ spurði Sunna hissa þegar Albert skokkaði inn á sparkvöllinn.

„Aha,“ svaraði Albert og reyndi að láta líta út eins og hann væri með snefil af sjálfstrausti.

„En þú ert aldrei með,“ hélt Sunna áfram og klæddi sig í markmannshanska. „Þú hefur alltaf sagt að fótbolti sé villimannslegur leikur ofbeldisfullra ...“

„Ehh nei, ég aldrei sagt það,“ greip Albert fram í og tók nokkrar háar hnélyftur á staðnum. Auðvitað missti hann jafnvægið og var næstum dottinn.

Úbs, vonandi sá Embla Mist þetta ekki hugsaði hann og leit í kringum sig. Engin Embla Mist. Vonandi birtast hún í tæka tíð.

Leikurinn byrjaði og Albert hélt sig eins fjarri hasarnum og honum fannst skynsamlegt án þess að vera alveg útundan. Af og til skimaði hann eftir Emblu Mist sem var hvergi sjáanleg. Ferlegt vesen. Þessi hraðsoðna áætlun var að hrynja.

Búmm!

Albert fann eitthvað skella í hnakkanum á sér. Gleraugun hrukku af honum og um leið og hann teygði sig eftir þeim sá hann boltann svífa út af vellinum og niður brekkuna bakvið sparkvöllinn.

„Kemur Albert, fylgjast aðeins betur með,“ kallaði Sunna úr markinu.

„Ég skal sækja hann,“ sagði Albert og klifraði klunnalega yfir battann sem umlukti sparkvöllinn.

Hann skokkaði þessi fáu skref niður brekkuna að boltanum en þegar hann beygði sig eftir honum heyrði hann skyndilega raddir.

„Nei ég þori það ekki, ekki séns.“

„Það er eini möguleikinn!“

„Getur þú ekki gert það fyrir mig?“

„Glætan.“

Albert þekkti þessar raddir. Aðra átti Bríet og hina átti besta vinkona hennar, Embla Mist. Þær stóðu neðst í brekkunni og töluðu laumulega saman.

Hann gekk nær.

„Ef þú gerir það ekki og ekki ég þá gerir það náttúrulega enginn og þú ert í alveg jafn miklum vandræðum,“ heyrði Albert Bríeti segja.

Hugmynd laust niður í kollinn á honum. Hann vissi ekki um hvað þær voru að tala eða hver þyrfti að gera hvað, en hann vissi að eitthvað þyrfti að gera fyrir *Emblu Mist*. Óvænt dauðafæri til að bæta upp fyrir morguninn.

„Ég skal gera það!“ hrópaði munnurinn á honum áður en heilinn náði að klára hugsunina.

„Albert!“ sagði Embla Mist undrandi. „Ertu að hlera?“

Albert spretti upp brekkuna, kastaði boltanum aftur inn á sparkvöllinn og sneri svo við til stelpnanna.

„Ég var ekkert að hlera sko ... bara að sækja boltann ... ég var bara að segja að ég skal redda þér ... ykkur ... með það sem þú þarft ... eða þið.“

„Ertu ekki að djóka? Þorirðu alveg?“ spurði Embla Mist með aðdáunartón sem lét Albert svara með sannfæringarkrafti:

„Já!“ Innra með honum kviknaði þó örlítill efi. Hvað ætluðu þær að biðja hann um?

„Ertu að segja mér að þú sért til í að fara inn um gluggann á stofunni okkar og ná í stærðfræðiprófið hennar Emblu Mistar svo hún geti leiðrétt villurnar og laumað því svo aftur í skúffuna hans Einars fyrir lok dagsins?“

Albert svitnaði og fann kvíðahnút myndast í maganum. Hann hafði ekki alveg átt von á þessu.

„Ekkert mál,“ svaraði hann, eins kúl og hann gat.

Bríet og Embla Mist störfu vantrúaðar á hann.

„Ókei geggjað,“ sagði Embla Mist uppörvandi. „Drífum okkur!“

Á meðan þau gengu í átt að glugganum á skólastofunni útskýrði Embla málavöxtu fyrir Albert.

„Sko ég mátti halda afmælisveislu og bjóða öllum ef ég stæði mig vel á prófinu, sem ég gerði ekki. Skildi ekki baun! Fæ pottþétt rautt. Ég hélt að ég slyppi því Einar er svo lengi að fara yfir en hann sagðist ætla að gera það á eftir. Það þýðir: engin veisla í kvöld!“

„Einmitt,“ sagði Albert og kyngdi. Stressið jókst eftir því sem þau nálguðust gluggann. Það minnkaði hins vegar þegar Embla Mist brosti til hans.

„Þú verður enga stund að þessu. Við stöndum vörð á meðan.“

Hún lét þetta hljóma svo einfalt. En hvað ef prófið væri ekki í skúffunni hans Einars? Og hvað ef sæist til hans? Þá yrði hann örugglega settur í straff, gæti ekki mætt í afmælið og næði ekki að syngja *Dancing Queen* fyrir Emblu Mist.

„Ókei áfram!“ sagði Bríet og Alberti gafst ekki tóm til annars en að hlýða.

Stelpurnar ýttu undir fæturna á honum og hann vó sig upp á gluggakistuna og náði taki á opnum glugganum. Að komast inn var ekki erfitt. Albert hafði meiri áhyggjur af því hvernig hann kæmist út. Hann hífði sig upp, þröngvaði sér í gegn og hrundi niður á næsta borð. Hjartað barðist í brjósti hans og hann var sveittur í lófunum. Þetta var óneitanlega spennandi en líka nokkuð ógnvekjandi. Að stela prófi var töluvert alvarlegra en að svindla sér fram fyrir í matarröðinni og kannski var það að missa af partíinu ekki það versta sem gæti gerst. Kannski yrði hann rekinn úr skólanum!

Albert tók á sig rögg. *Enn meiri ástæða til að klára þetta dæmi*, hugsaði hann og gekk að kennaraborðinu. Hann dró út efstu skúffuna. Í henni voru bara töflutússar og einhver bók sem hét *Hvernig gerir þú konuna þína hamingjusama?*

Albert gretti sig og lokaði skúffunni. Það var ekki mikið sem hann vildi vita um Einar umsjónarkennara og síst af öllu af hverju hann væri með þessa bók í skúffunni sinni. Prófið hlyti að vera í þeirri næstu. Hann opnaði skúffuna og viti menn! Við honum blasti bunki af óyfirförnum stærðfræðiprófum. Á það efsta var skrifað með ótrúlega fallegri rithönd: *Embla Mist*.

„Bingó,“ sagði Albert þó enginn heyrði til hans.

Á sama tíma heyrði hann skelfilegt hljóð. Hringl í lyklum. Einhver var að koma inn. Albert gerði það fyrsta sem kom upp í hugann og skaust undir kennaraborðið. Hann hlustaði skelfingu lostinn á einhvern opna hurðina.

Það var úti um hann!

En í stað þess að gengið væri að kennaraborðinu var farið innar í stofuna og bankað á það sem Albert gerði ráð fyrir að væri geymsluhurðin.

„Mhm ... leyniorð,“ hljómaði undarlega bjagað innan úr geymslunni. Eins og verið væri að borða og tala á sama tíma.

„Kaffiandfýla,“ var svarað. Albert þekkti þessa rödd. Aldís, hinn kennarinn í sjötta bekk.

Hurðin opnaðist og lokaðist aftur. Albert heyrði lágværar raddir innan úr geymslunni. Hann áráddi að líta undan kennaraborðinu og sá að hann var einn í stofunni.

Hafði hann tíma til að stökkva út? Sennilega.

Var hann forvitinn um það sem var í gangi í geymslunni? Heldur betur.

Forvitnin vann og Albert læddist að geymsluhurðinni með prófið hennar Emblu Mistar í höndunum. Með öndina í hálsinum lagði hann eyrað upp að hurðinni og hlustaði.

„Mffhmm ... þetta hefur gengið í gærkvöldi Aldís?“ smjattaði rödd. Þetta var Einar.

„Eins og í sögu. Það er að segja, *hún* er úr sögunni,“ svaraði Aldís.

„Gott að heyra. Hún er náttúrulega búin að eyðileggja líf okkar. Ég fæ martraðir á nóttunni út af henni,“ svaraði Einar og Alberti rann kalt vatn milli skinns og hörunds.

„Það besta er að með því að brjóta rúðuna lítur út eins og einhver hafi komið að utan svo engan grunar okkur,“ sagði Aldís.

Forvitnin var að drepa Albert og hann þrýsti eyranu að hurðinni til að heyra betur. Um hvað og hvern voru Einar og Aldís að tala?“

„Mhumm, og öryggismyndavélin óvirk?“ hélt Einar áfram.

„Já ... hættu að borða, það skilst ekkert hvað þú ert að segja,“ hvæsti Aldís og Albert hrökklaðist frá hurðinni. Kannski var best að vita sem minnst um það sem kennararnir hans voru að tala. Auk þess voru frímínúturnar að verða búnar og hann vissi ekki hvað hann hefði mikinn tíma til að komast út óséður. Albert bakkaði frá geymsluhurðinni, sneri sér við en rak um leið tána í ruslafötu á gólfinu.

Hann fraus.

Geymsluhurðinni var hrundið upp og Aldís og Einar birtust í gættinni.

„Albert! Hvað ert þú að gera hér?“ spurði Einar hvass.

„Eeéh,“ var það eina sem kom upp úr Albert.

„Eeéh,“ hermdi Einar eftir honum.

„Og hvað ertu með?“ bætti Aldís við.

„E ... ekkert.“ Albert starði stjarfur og skjálfandi á beinunum framan í reiðileg andlit Aldísar og Einars.

Einar þreif prófið úr hönd hans.

„Aha! Á að breyta stærðfræðprófinu sínu?“ spurði hann sigri hrósandi, hafði augljóslega ekki tekið eftir nafninu á prófinu.

„Þér verður nú ekki kápan úr því klæðinu, vinur,“ sagði Aldís glottandi um leið og hún lokaði geymsludyrnum vandlega á eftir sér.

Einar gekk að kennaraborðinu, opnaði skúffuna og setti prófið aftur á sinn stað.

Albert var orðlaus. Vonandi yrði hann bara skammaður. Vonandi létu þau allavega vera að hringja heim.

„Jæja Albert minn. Nú kemur þú með mér á skrifstofuna og við hringjum heim,“ sagði Einar og Albert fékk kökk í hálsinn.

Albert sat niðurbrotinn fyrir framan skrifstofuna og beið örlaga sinna.

Ekkert partí.

Ekkert karóki.

Engin *Dancing Queen*.

Enn verri hugsun laust niður í höfuð hans í kjölfarið. *Hvað er foreldrar hans yrðu látnir koma í skólann? Hvað ef þau tækju Kartöflu með? Hvað ef þau væru ekki búin að klæða sig?*

Þó Albert missti af afmælispartíi Emblu Mistar gat hann í það minnsta huggað sig við að hafa verið staðinn að innbroti sem var mögulega örlítið kúl. En hann gat gleymt því að vinna sér inn einhver töffarastig ef foreldrar hans kæmu í skólann.

„Jæja, foreldrar þínir eru á leiðinni,“ var það fyrsta sem Einar sagði þegar hann kom til baka. Albert sökk niður í sætið og gróf andlitið í höndum sér.

Þetta var búið.

Á meðan hann beið hugsaði Albert um hversu flókið það væri að skipta um skóla. Hann var engu nær þegar hann heyrði kunnuglegar raddir nálgast.

„Ég bara trúí þessu ekki upp á drenginn,“ heyrði hann mömmu sína segja á innsoginu.

„Svona, svona. Við komumst til botns í þessu,“ sagði pabbi.

Ókei bara plís vera í fötum, hugsaði Albert. En þá heyrðist nokkuð sem fyllti hann enn meiri skelfingu.

Gelt í Kartöflu.

Allt sem hann hafði óttast var að raungerast.

Sigurlaug skólastjóri kom aðvífandi um leið og foreldrar Alberts, alvarleg á svip.

„Jæja, þið eruð komin,“ sagði hún. „Afsakið, ég veit ekki alveg um hvað málið snýst. Það var framið innbrot í skólanum í nótt og ég hef verið svolítið upptekin. Einar, umsjónakennari Alberts, mun stjórna fundinum.“

„Jahérna og var einhverju stolið?“ spurði mamma Alberts.

„Já, því miður. Sjálft hjarta skólans horfið ... bíddu fyrirgefðu er þetta hundur?“

Sigurlaug setti aðeins í brýrnar þegar hún kom auga á Kartöflu í fangi mömmu en lét kyrrt liggja eftir að foreldrar Alberts sannfærðu hana um að Kartafla væri meinlaus. Sem var auðvitað haugalygi.

Þau settust öll niður á skrifstofu Sigurlaugar þar sem Einar var nú þegar búinn að koma sér fyrir.

Kartafla tók strax að ókyrrast í fangi mömmu.

„Eins og ég sagði í símann þá braust Albert inn í skólastofu til að stela stærðfræðiprófinu sínu. Sennilega til að breyta því, hann hefur nú verið fámáll um þetta,“ byrjaði Einar.

Albert sagði ekki neitt. Hann gat ekki kjaftað því að þetta hefði verið próf Emblu Mistar. Síst af öllu vildi hann koma henni í vandræði.

„Einmitt það,“ sagði mamma. Hún virtist ætla að segja eitthvað meira en þurfti í staðinn að sussa á Kartöflu sem stundi og rumdi í fangi hennar.

„Hvað segir þú kallinn minn?“ spurði pabbi og klappaði Alberti á öxlina.

Albert svitnaði. Ætti hann að reyna að vera töff eða segja sannleikann?

„Eeeh sko ... hérna ... ég ...“ byrjaði hann og ók sér í stólnum. En hann komst ekki lengra því Kartafli rak nú upp hávært gelt og braust úr fangi mömmu.

„Kartafli!“ galaði mamma og fálmaði eftir henni þar sem hún stökk á skrifborð Sigurlaugar og spólaði í blaðabunka. Sneri sér svo að óttaslegnum Einari og sleikti út um. Einar rétt náði að velta sér úr stólnum og flýja út um dyrnar áður en Kartafli stökk á hann.

„Stöðvið hundinn!“ öskraði hann.

En Kartafli var ekki á þeim buxunum að láta stöðva sig og þaut fram á gang á eftir Einari áður en nokkur gat rönd við reist.

Ef þetta hefði ekki verið einmitt *hans* hundur að elta *hans* umsjónakennara hefði Alberti kannski þótt fyndið að sjá rassinn á Kartöflu skoppa á eftir Einari og skransa geltandi og slefandi í gegnum klofið á Baldri húsverði, en honum var allt annað en hlátur í hug.

„Hjááálp!“ galaði Einar um leið og hann hrinti saklausum fyrstabekking frá sér svo hann þeyttist upp úr stígvélunum sínum og út í vegg.

Albert hljóp eins hratt og hann gat og foreldrar hans komu í humátt á eftir. Einar nálgadist útidyrnar þegar Kartafli tók skyndilega beygju inn í næstu kennslustofu.

Kennslustofu Alberts.

Albert elti með mömmu og pabba á hælunum og Sigurlaug rak lestina.

„Hvað gengur á?“ hváði Aldís sem sat við kennaraborðið þegar halarófan ruddist inn.

Það gafst hins vegar ekki tækifæri til að útskýra neitt. Kartafli galti, urraði og slefaði ásamt því að hoppa ítrekaði upp við geymsludyrnar innst í stofunni.

„Heyrðu, burt með þennan hund!“ hrópaði Aldís í uppnámi.

Kartafli lét hins vegar öllum illum látum og krafsaði ákaft í hurðina. Það varð uppi fótur og fit í nemendahópnum.

„Ekki í geymsluna!“ másaði Einar sem var kominn inn í stofuna.

Skyndilega rann upp fyrir Alberti ljós.

Innbrotið.

Brotna rúðan.

Samtalið milli kennaranna innan úr geymslunni.

Hann hafði oft heyrt Einar og Aldísi tala um *hana*. Sem hafði eyðilagt líf þeirra og þau vildu losna við að eilífu.

„Bíðið, opnið geymsluna!“ hrópaði hann.

„NEI!“ Aldís rauk til og þau Einar tóku sér bæði stöðu fyrir framan hurðina.

„Sigurlaug, ert þú ekki með lykla? Opnaðu geymsluna, plís.“ Hjartað barðist í brjósti Alberts þó hann væri viss um að hafa rétt fyrir sér.

Bekkjarfélagar hans stóðu í hnapp og fylgdust forvitnir með, Embla Mist fremst í flokki.

Þetta var augnablikið sem Albert hafði beðið eftir.

„Sigurlaug,“ sagði hann með eins miklum sannfæringarkrafti og honum var unnt. „Treystu mér.“

Sigurlaug hikaði um stund en bandaði svo Aldísi og Einari frá hurðinni, dró upp lykla og opnaði. Kartafla stökk undir eins á hálfétna súkkulaðimúffuna hans Alberts sem lá á gólfinu. Það var hins vegar ekki hún sem vakti athygli hópsins.

Við þeim blasti skínandi skólabjallan.

„Hvað er þetta Einar?“ sagði Sigurlaug bæði hissa og hvöss.

„Eeuh ...“ var það eina sem kom út úr honum.

„Hvað ætli verði um Aldísi og Einar?“ spurði Embla Mist Albert. Dagurinn hafði fengið fullkominn endi og Albert átti erfitt með að hafa stjórn á allskonar tilfinningum sem höfðu kraumað innra með honum síðan Embla Mist spurði eftir honum og stakk upp á að fara með Kartöflu í kvöldgöngu. Hann var eiginlega stressaðari en þegar hann braust inn í skólastofuna. Allavega sveittari í lófunum.

„Þau verða örugglega rekin,“ svaraði Albert.

„Eða fara í fangelsi,“ bætti Embla Mist hlæjandi við.

„Hvað sagðirðu eiginlega við mömmu þína og pabba?“ spurði Embla Mist.

„Ég sagðist bara hafa verið að rannsaka innbrotið,“ svaraði Albert ánægður með sig og togaði Kartöflu úr nærliggjandi garði. „En leitt með afmælið.“

„Æ það var samt fyrir bestu að fresta veislunni,“ svaraði Embla Mist. „Ég átti náttúrulega ekkert að láta þig redda prófinu. Ég vildi bara að ég ætti stærðfræðikennara fyrir foreldra. Kannski getum við lært saman hjá þér fyrir næsta próf?“

Hjarta Alberts stöðvaðist í smá stund.

„Jájá,“ svaraði hann og roðnaði.

„Kúl,“ sagði Embla Mist.

„En ef þú hefðir ekki látið mig brjótast inn þá hefði ég ekki upplýst glæpinn,“ sagði Albert til að fylla upp í vandræðalega þögnina.

„Þú?“ hváði Embla Mist. „Meinarðu ekki Kartafla?“

„Eeeh,“ stundi Albert en Embla Mist hló.

„Ég er að stríða þér.“

Albert hló vandræðalega. Auðvitað hafði Embla Mist rétt fyrir sér.

Kartafla var hetja dagsins.